Ný endurvinnslustöð við Lambhagaveg 14:
Umfjöllun og ákvarðanir stjórna

Greinargerð

Höfuðborgarsvæðið er í örum vexti, rétt eins og hringrásarhagkerfið. Það endurspeglast til dæmis í því magni sem berst inn á endurvinnslustöðvar en það hefur tvöfaldast á síðasta áratug. 60% af þeim úrgangi sem berst til SORPU kemur nú í gegnum Endurvinnslustöðvar en um 40% safnast við heimili.

SORPA rekur í dag sex endurvinnslustöðvar en ljóst er að loka þarf tveimur þeirra innan tíðar því fyrir liggja ákvarðanir Kópavogs og Reykjavíkur um lokun stöðva á Dalvegi og Sævarhöfða.

Endurvinnslustöðvar SORPU eru sex talsins en Sævarhöfði tekur á móti 25% af heimsóknum en Dalvegur um 18%.

Í dag er staðan sú að nær allar stöðvarnar eru komnar að þolmörkum. Fimm af sex endurvinnslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu eru frá árinu 1991 og tóku þá við átta úrgangsflokkum. Nú er tekið við mun fleiri eða tæplega 40 flokkum auk þess sem Efnismiðlun, þar sem sýslað er með notaðar byggingarvörur, er rekin þar sem því er við komið.
Samhliða þessum aukna vexti er staðan jafnframt sú að endurvinnslustöðvarnar eru þröngar, erfitt er að veita góða þjónustu og áhyggjur eru af öryggi gesta og starfsmanna. Þrengsli takmarka opnunartíma því ekki er hægt að tæma gáma meðan gestir eru á staðnum.

Endurvinnslustöð á Lambhaga

Samhliða tilkynningu um lokun vegna fyrirhugaðra deiliskipulagsbreytinga árið 2017, bauð Reykjavík lóð við **Lambhagaveg** til að tryggja áframhaldandi þjónustu. Kópavogsbær hefur tilkynnt SORPU að endurvinnslustöð við Dalveg verði lokað 1. september 2025.

Unnið hefur verið að uppbyggingu endurvinnslustöðvar á Lambhagaveg frá árinu 2017, en ákvarðanaferlið var þó fremur hægt í byrjun vegna ýmissa þátta:

- Tímaáætlun var á reiki vegna afhendingartíma Sævarhöfða
- Fjármögnun verkefnis var óljós frá eigendum
- Stjórnarskipti og ákvarðanatökur um framhaldið
- COVID faraldur

Til að tryggja virkni endurvinnslustöðvakerfisins þarf SORPA að fá heimildir til að ráðast í byggingu á Endurvinnslustöð við Lambhagaveg. Sú stöð yrði öruggari, skilvirkari og með betri afkastagetu en fyrri stöðvar, í samræmi við þróun síðustu ára.

Í neðangreindri greinargerð má sjá yfirlit um helstu ákvarðanir og þróun máls.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Ákvarðanatökuferli og umræður 2015-2024

2015-16

Á 6. eigendafundi SORPU í ágúst, 2015, var lagt fram minnisblað um að skv. nýju skipulagi Reykjavíkurborgar sé gert ráð fyrir að loka þurfi stöð við Sævarhöfða innan þriggja ára, en sú dagsetning átti þó eftir að breytast. Einnig kom fram að viðræður hafi átt sér stað um að Lambhagavegur verði boðinn fram sem hentug staðsetning fyrir nýja stöð. Sú lóð liggi ágætlega við umferð úr Úlfarsárdal, Grafarholti, hluta Mosfellsbæjar og Norðlingaholti.

Á 7. eigendafundi SORPU, 05.06.2016, var farið yfir fyrirsjáanlegar breytingar sem gera þarf á staðsetningu og fyrirkomulagi á einstökum stöðvum og var stjórn SSH falið að taka málið til umfjöllunar og leggja til með hvaða hætti farið verði yfir stöðu og rekstur stöðvanna.

2017

Á 439. stjórnarfundi stjórnar SSH í febrúar 2017 var rætt um nauðsynlega endurskoðun á fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva. Var framkvæmdastjóra SSH falið að setja upp tillögu að erindisbréfi fyrir verkefnahóp um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva. Í mars 2017 féllst stjórn SSH á skipun verkefnahóps sem skipaður var embættismönnum sveitarfélaganna.

Málið var áfram rætt á 11. eigendafundi, 27.09.2017. þar sem farið var yfir greinargerð og tillögur verkefnahópsins. Var samþykkt að vísa greinargerðinni og tillögum hópsins inn í yfirstandandi vinnu hjá Sorpu.

Í umræðum um fjárhagsáætlun, kölluðu eigendur eftir nákvæmri samantekt og sundurliðun á þáverandi og áætluðum framlögum og kostnaði endurvinnslustöðva

Niðurstaða þeirrar vinnu hjá SORPU, þar með talið þarfagreining, var síðan kynnt á stjórnarfundi SORPU 27.10.2017.

> *„Stjórn hvetur sveitarfélögin og stjórn SSH til að taka næstu skref í takt við niðurstöðu hópsins. Staða verkefnisins verði kynnt sveitarfélögunum við fyrsta tækifæri.“*

Ljóst var að hönnun og skipulag eldri endurvinnslustöðva SORPU var orðið úrelt, fjöldi flokka hafði aukist til muna, magn inn á stöðvarnar hafði stóraukist og öngþveiti var á álagstímum.

Þá hefur lengi legið fyrir að minnka þurfi urðun sorps með aukinni endurvinnslu. Í **deiliskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040**, sem undirritað var árið 2015, kemur meðal annars fram að

> *„Urðun á Álfsnesi verður hætt á skipulagstímabilinu, eigi síðar en 2020 eins og kveðið er á um í samkomulagi eigenda Sorpu frá 25. október 2013. Ekki er gert ráð fyrir nýjum urðunarstað innan höfuðborgarsvæðisins. Lögð verður áhersla á að minnka þörf fyrir urðun sorps með aukinni meðhöndlun s.s. gasgerð, endurnýtingu og endurvinnslu.“*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

2018

Eigendafundur SORPU – 03.09.2018

„Jafnframt var samþykkt að framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri SSH kalli saman fulltrúa SORPU og skipulagsstjóra sveitarfélaganna til að greina í sameiningu kosti og möguleika á nýrri staðsetningu endurvinnslustöðva sveitarfélaganna í ljósi óhjákvæmilegra breytinga sem þarf að gera í núverandi staðsetningu.“

Á eigendafundir SORPU 22.10.2018 var **Rekstraráætlun SORPU bs. 2019-2023** samþykkt. Þar kemur m.a. fram að:

„Stöðin á Sævarhöfða á að víkja skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi við Lambhagaveg í staðinn.“
...
„Þar sem ekki liggur fyrir á þessu stigi hver yrði röð framkvæmda er gert ráð fyrir eftirfarandi í fyrirliggjandi áætlun:
2019-2021: Stöðin á Jafnaseli stækkuð og aðstaða bætt
2020-2022: Stöðin á Sævarhöfða verði flutt á Lambhagaveg
2022: Stöðin í Mosfellsbæ lokað um leið og stöðin á Lambhagavegi verður opnuð
2021-2023: Ný stöð byggð í stað stöðvarinnar á Dalvegi eða sú stöð stækkuð

Rétt er að hafa í huga að framsetning í áætlunum SORPU er ekki ákvörðun um fjárfestingu – ákvörðunin yrði alltaf tekin í samráði við eigendur. Hins vegar þykir rétt að gera grein fyrir fjárfestingunni í áætlunum SORPU.“

2019

408. fundur stjórnar SORPU – 29.05.2019
Frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu endurvinnslustöðva Lögð fram og kynnt.

Eigendafundur SORPU - 08.07.2019
Samþykkt er að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að vinna aðgerðaáætlun með heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu að leiðarljósi. Aðgerðaáætlunin skuli liggja fyrir 1. október 2019.

Í **Rekstraráætlun 2020-2024**, sem samþykkt var á stjórnarfundi SORPU 01.11.2019 er áfram gert ráð fyrir byggingu stöðvar við Lambhagaveg:

„Stöðin á Sævarhöfða á að víkja skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi við Lambhagaveg í staðinn. Skoða þarf staðsetningar og röð framkvæmda með það í huga að flutningur stöðvarinnar á Sævarhöfða valdi ekki öngþveiti í Jafnaseli eða á þegar yfirfulla stöð á Dalvegi. Lagt er til að röð framkvæmda verði sem hér segir:
2020-2021: Stöðin á Jafnaseli stækkuð og aðstaða bætt
2021-2022: Stöðin á Sævarhöfða verði flutt á Lambhagaveg
2022: Stöðin í Mosfellsbæ lokað um leið og stöðin á Lambhagavegi verður opnuð
2022-2023: Ný stöð byggð í stað stöðvarinnar á Dalvegi eða sú stöð stækkuð.“

Í greinargerð með rekstraráætluninni kemur fram að áætlaður kostnaður við uppbygginu við Lambhagaveg sé 800 mkr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

2020

Á árinu var skilum á Sævarhöfða frestað til 2022 og síðar til 2023. Farið var yfir þarfagreiningu sem lá fyrir og rifjað upp að fyrir liggi svæðisáætlun um að hægt sé að sækja alla þjónustu innan 20 mín. frá heimili án þess að nota bíl.


Eigendafundur SORPU – 06.04.2020
Farið var yfir kynningu er varðar framtíðarstaðsetningu endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Lögð var fram tillaga um starfshóp til þess að vinna að framtíðarlausn endurvinnslustöðva.

430. fundur stjórnar SORPU – 09.07.2020
Starfshópur skilar tillögum til stjórnar SORPU:

> *„Vinnuhópurinn hefur komið saman og fyrir liggja tillögur um útfærslu á nýrri endurvinnslustöð að Lambhagavegi 14, kostnaðaráætlun og áætluðum framkvæmdatíma.“*

2021

Tillaga kynnt að útfærslu endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi, tveggja hæða stöð með þaki yfir hluta. Staða kynnt fyrir tæknimönnum og ákveðið var að ráða verkefnastjóra yfir framkvæmdinni. Arkþing skilar tímaáætlun út frá helstu verkþáttum og mikil undirbúningsvinna hefst (prufuholur, umferðaspá, afkastageta, frumhönnun, gerð útboðsgagna og fl.)



450. fundur stjórnar SORPU – 24.06.2021
Bókun stjórnar:

> *„Stjórn SORPU bs. leggur áherslu á ábyrga, aðgengilega, hagkvæma og umhverfisvæna meðhöndlun úrgangs. Endurvinnslustöðvar eru mikilvægur hlekkur í því verkefni og áframhaldandi undirbúningur nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg skiptir þar miklu máli. Stjórn undirstrikar því mikilvægi þess að verkefnið haldi vel áfram og að fyrirliggjandi timaáætlanir gangi eftir.“*

457. fundur stjórnar SORPU – 08.10.2021
Lambhagavegur - kynning á frumhönnun og kostnaðarmati.
Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

„Stjórn SORPU tekur undir hugmyndirnar og heimilar áframhaldandi undirbúning og hönnun á grunni þeirra tillögu sem kynnt var á fundinum.“

Eigendafundur SORPU – 22.10.2021
Í kynningu á **fjárhagsáætlun 2022-2026**, sem haldin var eigendafundinum kemur m.a. fram að undirbúningur á byggingu endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi sé hafinn og að drög að kostnaðaráætlun sé komin yfir 1.020 m.kr. Sævarhöfði muni loka 2023. Niðurstaða fundar var að:

„Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. Fyrir sitt leyti, og að fjárhagsáætlunin verði kynnt sveitarfélögunum. Þá verði stefnt að því að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um fjárhagsáætlun Sorpu bs. Fyrir árið 2022. “

2022

473. fundur stjórnar SORPU – 21.10.2022
Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU samþykkir að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að útboðsferli vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg í samræmi við þá frumhönnun og kostnaðaráætlun sem kynnt var í rekstraráætlun SORPU fyrir árin 2023-2027. Stjórn ákveður að vísa málinu til staðfestingar hjá eigendavettvangi SORPU.“

Eigendafundur SORPU - 21.11.2022
Framhald umræðu frá eigendafundi 3.október 2022 um endurvinnslustöð við Lambhagaveg. Þá var málinu vísað, með bókun stjórnar Sorpu bs. 21. október 2022, til staðfestingar hjá eigendavettvangi:

“Samkvæmt fyrirliggjandi greinargerð með fjárhagsáætlun Sorpu bs. 2023-2027 er heildarfjárfesting vegna þessa 1,137 milljarðar kr. og fellur til að 40% hluta á árinu 2023 og 60% hluta á árinu 2024. Eins og fram kemur í greinargerðinni er fjárfesting í endurvinnslustöðvum ekki hluti af fjárfestingaráætlun samlagsins. Þess í stað verða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar teknar af eigendum og undirbúningur og framkvæmd þeirra fjármagnaðar sérstaklega af þeim.
Eigendavettvangur staðfestir fyrir sitt leyti bókun stjórnar Sorpu frá 21. október sl. en vísar endanlegri ákvörðun til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna. Er stjórn og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir gagnvart sveitarfélögunum. Er stjórn Sorpu bs. þá falið að leita hagkvæmustu leiða við fjármögnun í samráði við sveitarfélögin.”

2023

Umfangsmikil undirbúningsvinna fer fram á árinu sem fjöldi sérfræðinga kemur að, útreikningar og hönnun á ólíkum þáttum, frá hæðarmælingum og hönnun á plani, tengingum og lagnagöngum að útreikningum á afkastagetu, fjölda akreina, inn- og útkeyrsla til að hámarka flæði, ákjósanlegri stærð rýma, röðun gáma og hitastig og loftræsting í ólíkum rýmum.

Nordic og Nordconsolt er falið að hefja undirbúning að útboðsgögnum. Fjármögnun liggur fyrir hjá sveitarfélögum og þarfagreining er uppfærð.

Nordic útbýr tillögu að stöð með þaki yfir allan hringinn til samanburðar. Umfangsmikil undirbúningsvinna fer fram á árinu sem fjöldi aðila kemur að, hönnun og útreikningar. Hönnun á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

grunn plani er nú langt komin. Þá var skipulagi starfsmannarýmis og innra skipulagi á stöðinni breytt. Sótt er um breytingu á deiliskipulagi út frá breyttum hönnunarforsendum. Í greinargerð með rekstraráætlun Sorpu fyrir árið 2024 kemur fram að áætlaður kostnaður sé 1.470 mkr.

Eigendafundur SORPU - 16.10.2023
Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun Sorpu bs. vegna ársins 2024 og rekstraráætlun vegna 2024-2028.

> *Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir sitt leyti þó með fyrirvara um að frekari útfærslu er þörf hvað varðar fjármögnun framkvæmda vegna endurvinnslustöðvar við Lambahagaveg og fjárframlag sveitarfélaganna vegna þeirra. Fjárhagsáætlun Sorpu bs. verði kynnt sveitarfélögunum af hálfu Sorpu bs.*

489. fundur stjórnar SORPU – 05.12.2023
Stjórn SORPU fagnar því að vinna við heildstæða stefnumótun fyrir endurvinnslustöðvar SORPU sé hafin. Stjórn leggur til að skipaður verði starfshópur, sem samanstendur af tæknimönnum sveitarfélaganna sex.

2024

Í byrjun árs var kynnt nýjasta útgáfa af stöðinni, sem hámarkar nýting á lóðinni og er öll undir þaki. Settur er saman starfshópur fyrir framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á vegum SORPU og skyldi hann leggja fram tillögur í október sama ár, sem og varð úr.

498. fundur stjórnar SORPU – 04.06.2024
Stjórn SORPU bókar:

> *Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram að vinna að fullnaðarhönnun húss fyrir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg, til dæmis kosti þess að byggja að fullu yfir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg. Slíkt er líklegt til að auka aðgengi íbúa að henni, sérstaklega þegar horft er til veðurfars.*

500. fundur stjórnar SORPU – 01.07.2024
Til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu til íbúa fram undir þann tíma er Lambhagi verður tekinn í notkun samþykkir Kópavogsbær að fresta lokun Dalvegsstöðvar til 1. september 2025

Endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu - framtíðarskipulag
Í október var skýrsla starfshópsins, *Endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu - framtíðarskipulag*, gefin út en þar eru sett fram atriði sem talin eru grunnkröfur til að þjónusta við gesti verði til fyrirmyndar og öryggi gesta og starfsmanna uppfyllt.

Settar eru fram tillögur um viðbótarþjónustu sem geta bætt innviði og stutt við hringrásarhagkerfið. Að auki er nokkur atriði sem snúa að þjónustu utan endurvinnslustöðva sem geta létt á álagi á þær. Skoða má þær sem stuðning við þær 4. sviðsmyndir sem voru settar fram í skýrslunni. Skýrslan var kynnt á 506. fundi stjórnar SORPU í október 2024.

Starfshópurinn hefur ekki upplýsingar til að leggja fram tíma- og kostnaðaráætlun. Í framhaldi af vinnu hópsins þarf að meta kostnað við endurgerð hverrar endurvinnslustöðvar og rekstrarkostnað til að forgangsraða og tímasetja framkvæmdir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

508. fundur stjórnar SORPU – 06.11.2024

Fyrir fundinum lá uppfærð hönnunarlýsing og kostnaðaráætlun sviðsmyndar 1, dags. 05.11.2024, þar sem m.a. eru greindir áhættuþættir varðandi kostnaðaráætlunina á þessu stigi (kafli 12) sem m.a. er mætt með áætluðum ófyrirséðum kostnaði og tilgreindum vikmörkum kostnaðaráætlunar. Áhættunefnd er með í vinnslu áhættumat vegna fjárfestingarinnar og þeirrar fjárskuldbindingar Sorpu bs. sem henni fylgir.

Stjórn bókar:

„Í ljósi undangenginnar kynningar hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu samþykkir stjórn, með vísan til gr. 4.3 í eigendastefnu byggðasamlagsins, að leita heimildar eigendafundar Sorpu bs. fyrir því að uppbygging nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg verði á grundvelli tillögu 1, með yfirbyggingu að hluta. Framkvæmdastjóra er falið að leggja ákvörðun stjórnar fyrir eigendafund til staðfestingar ásamt fyrirliggjandi áhættumati ráðgjafa og áhættumati áhættunefndar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026